



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Reykjavík, 12. nóv. 2014

Efni: Umsögn um þingskjal 295 — 257. mál um lög um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015).

Umsagnaraðili: Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Tilfni lagasetningarinnar er að sameina Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga sem veita fötluðu fólki sérhæfða þjónustu á landsvísu.

Í frumvarpinu er kveðið á um hlutverk, skipun og verkefni sameinaðrar stofnunar sem mun tryggja aðgengi fólks að sérhæfðri þjónustu til að stuðla að virkni þess og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra. Áhersla er lögð á stuðning til sjálfstæðs heimilishalds, náms og þátttöku í atvinnu- og félagslífi.

Í frumvarpinu er nýrri stofnun/miðstöð ætlað að sinna heilbrigðisþjónustu, sem snýr að líkamlegum þáttum fatlana og sjúkdóma sem undir hana falla, sem og félagslegum hliðum fatlana, og reyna að draga úr áhrifum þeirra á líf einstaklinga. Hlutverk miðstöðvarinnar sé að veita sérhæfða heilbrigðis- og félagsþjónustu á sviði ráðgjafar, greiningar, meðferðar, hæfingar og endurhæfingar. Auk þess sé hún þekkingarmiðstöð sem skuli afla og miðla þekkingu í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum á starfssviði sínu, auk þess að stunda rannsóknir í samstarfi við háskóla og stofnanir ríkis og sveitarfélaga

Hjúkrunarfræðideild þakkar það tækifæri að veita umsögn um framangreint lagafrumvarp sem setur ramma um sérhæfða greiningar- og stuðningsþjónustu við fatlaða í landinu. Mikilvægt er að vandað sé til verka við slíkar lagabreytingar sem hér er dæmi um.

Í frumvarpinu er skýrt kveðið á um tilgang laganna og þeim breytingum sem þau eiga að koma til leiða. Greinagerð með frumvarpinu skýrir hlutverk og vinnulag og markmið laganna í ljósi fyrri laga.

Það er álit Hjúkrunarfræðideildar að frumvarpið boði tímabærar breytingar og mikilvægar til að gera þjónustu við fatlaða í samfélaginu skilvirkari og tækifæri til að fá betri yfirsýn yfir málaflokkinn í öllum aldurshópum fatlaðra á Íslandi.

Því telur Hjúkrunarfræðideild mikilvægt að samhliða þessari lagasetningu setja inn eftirfarandi ákvæði sem kveði á um að:

“Meðfram þeim breytingum sem í löggjöfinni felist verði gerðar reglulegar úttektir á málaflokkum þessarar nýju miðstöðvar sem verði undirstaða undir setningu reglugerða um hin ólíku hlutverk sem hún hafi í þjónustu- og þekkingarþróun málaflokkanna. Þannig megi sýna árangur af þeim breytingum sem löggjöfin hefur í för með sér á þá sem lögin eiga að þjóna og á þær stofnanir í samfélaginu sem eiga að vera þátttakendur í starfi þessarar miðstöðvar s.s. heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, menntastofnanir og sveitafélög. Þar verði kveðið á um regluleg skýrsluskil sem lýsir þjónustunni sem veitt sér, fagaðilum sem að henni standa, notendum hennar, svið hennar, rekstur, árangur þjónustunnar og nýja þekkingu sem hún þróar og samvinna við stofnanir samfélagsins um þjónustu við skjólstæðinga og í menntun fagmanna og tillögur að framþróun og breytingum í þjónustu við markhópa.”

Það eru helstu takmarkanir þessara laga að þau eru fyrst og fremst stofnanalegs eðlis en gera ekki breytingar á þeirri þjónustu sem fyrir er en gefa þó svigrúm til að slíkar breytingar verði gerðar. Því er nauðsynlegt að einhvers konar endurskoðunarákvæði verði á lögunum þegar úttekt hefur farið fram. Tíu ára endurskoðunarákvæði væri eðlilegt í ljósi þess að eftir stendur að semja reglugerðir og því er framangreint ákvæði um reglulegar úttektir mikilvægt til að hægt sé að fylgjast með þróun stofnunarinnar og gera í framhaldi viðeigandi breytingar á henni skv. þörfum samfélagsins og sér í lagi fatlaðra.

Í fyrstu grein laganna um markmið og hlutverk er kveðið skýrt á um samstarf við mennta- og rannsóknastofnanir sem er vel. Hjúkrunarfræðideild sér hér mikilvæga möguleika til að verða slíkri stofnun að liði og að samlegðaráhrif verði bæði í þekkingarsköpun, þjónustu við skjólstæðinga og við menntun framtíðar sérfræðinga í hjúkrunarfræði.

Í heild má segja að Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands telji lögin komi til móts við mikilvægan málaflokk íslensks samfélags.

Virðingarfyllt,

Dr. Helga Jónsdóttir prófessor
Deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands